

Lög

Nr. 33.

3. nóv.

um

verfall opinberra starfsmanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Ef sjerstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. alt niður í 200 kr.

2. gr.

Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2000 kr. eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.